



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 8. mars 2016, kl. 11:00 símafundur

Mættir eru: Ása Valdís Árnadóttir formaður, Gunnar Þorgeirsson, Þórður Freyr Sigurðsson, Magnús Bragason, Margrét Runólfsdóttir, Sigurlaug Gissuraradóttir, Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Valgerður Pálsdóttir sitja einnig fundinn og ritar Valgerður fundargerð.

Fundur settur kl 11:05

Dagskrá:

Verkefni sl. mánaðar

- **Árshátíð ferðapjónustunnar** á Suðurlandi var haldin að Hótel Vatnsholti 19. febrúar og heppnaðist vel, bæði málþing og kvöldverður og skemmtun var vel sótt. Fréttatilkynning var send út til héraðsmiðla á Suðurlandi í kjölfarið ásamt myndum. Tillögur ræddar um fyrirkomulagið og það sem má endurskoða fyrir næsta ár. Ákveðið að finna hentuga dagsetningu fyrir næsta ár fljótlega.
- **Samningur við SASS** var undirritaður um aðkomu Markaðsstofunnar að atvinnuráðgjöf á Suðurlandi er varðar ferðamál og markaðsmál. Samfara því mun starfsmaður vera ráðinn í 50% starfshlutfall, fyrst um sinn til 5 mánaða m.a. til að mæta auknum verkefnum.
- **Markaðsstofur landshlutanna (MAS)** hefur verið í **stefnumótunarvinnu** undanfarið og gögn þeirrar vinnu liggja nú fyrir og hefur verið kynnt fyrir stjórn. MAS hópurinn stefnir á að halda ráðstefnu í haust.
- Markaðsstofan kom að skipulagningu funda með **Ferðamálastofu vegna þróunarverkefnis um endurskoðun upplýsingaveitu** á Suðurlandi og tók að sér að sinna ákveðnum verkefnum þar af lútandi í kjölfarið.
- **Svar barst frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu** við erindi MAS frá því í nóvember. Þar kemur fram að ekki var hægt að verða við ósk MAS um aukið fjármagn til Markaðsstofa Landshlutanna fyrir árið 2016 en tekur ráðuneytið vel í að skoða það frekar fyrir árið 2017.
- **Samningar við verkefnastjóra** vegna ráðningar í aukið starfshlutfall – framkvæmdastjóri hefur fundað með verkefnastjórum MSS um fyrirkomulagið og skiptingu verkefna.
- Framkvæmdastjóri sótti **ráðstefnu á vegum Íslandsstofu** þar sem m.a. ný herferð #The Academy var kynnt ásamt áherslum í markaðssetningu fyrir árið 2016. Ákveðið hefur verið að vera með fundarröð á Suðurlandi í samstarfi við Íslandsstofu um það mál ásamt því að kynna fyrstu niðurstöður markaðsgreiningarinnar á Suðurlandi. Áætlað er að halda 3-4 fundi í apríl og maí.
- Unnið hefur verið að **greiningu og tilboðsgerð í undirsíður** á www.south.is fyrir hvert sveitarfélag/þéttbýli/klasa á Suðurlandi. Ósk um útfærslur og tilboð liggur inni hjá Stefnu.

- **Mid Atlantic** – Markaðsstofan tók þátt í ferðasýningunni Mid Atlantic og átti þar um 30 góða fundi. Þá stóð Markaðsstofan fyrir post-tour eftir sýninguna þar sem matur og menning var í forgrunni og var unnin í góðu samstarfi við ferðamálafulltrúa á svæðinu. Voru gestir, sem fengu bæði óvænta upptöku og voru leystir út með gjöfum frá svæðinu, mjög ánægðir með heimsóknina.
- **Vest Norden** – verður haldið í Reykjavík í október. Markaðsstofan hefur unnið að setja upp tvær dagsferðir sem pre-tour í tengslum við sýninguna.
- **Fjölmíðlafyrirspurnir** - hafa verið fjölmargar á tímabilinu. Markaðsstofan vinnur að þeim í þétu samstarfi við Íslandsstofu við að greina vægi fjölmíðlana og fleira.

Verkefni framundan

- **Aðalfundur MSS** – verður haldinn 12. apríl að Hótel Fljótshlíð. Hugmyndin er að leggja áherslu á markaðsmál og fá fulltrúa Íslandsstofu til að kynna áherslur sínar í þeim efnum sem og að fá Manhattan Marketing til að kynna fyrstu niðurstöður markaðsgreiningarinnar.
- Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands verður ásamt Íslandsbanka í **pallborði vegna nýrrar skýrslu frá Íslandsbanka** um ferðapjónustuna.
- Framfylgja samstarfssamningi við **SASS um ráðgjöf**, m.a. á fyrirhuguðum vinnufundum með verkefnahópnum.
- Kynningafundir með **niðurstöðum markaðsgreiningar** á 3 svæðum á Suðurlandi.
- Skipuleggja **kynningaferðir** fyrir ferðaskrifstofur í apríl og starfsfólk upplýsingamiðstöðva í maí/júní.
- Vinna að nýjum **hugmyndum og uppfærslu á heimasíðunni www.south.is** sem og venjubundin vinna við samfélagsmiðla.
- Undirbúningur fyrir **aukið starfshlutfall** komið á fullt en Ragnhildur kemur inn 1. apríl aftur eftir fæðingarorlof.

Önnur mál

Fundi slitið kl 12:20